

10. gr.

Umhverfisstjórnir hefur á hendi yfirstjórn fjárhagslegs stuðnings ríkissjóðs við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum og tekur endanlegar ákvarðanir um úthlutun styrkja að fengnum tillögum fráveitunefndar.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Össur Skarphéðinsson.

LÖG

um vernd Breiðafjarðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

2. gr.

Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.

3. gr.

Umhverfisstjórnir fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar samkvæmt lögum þessum. Um vernd menningarsögulegra minja fer samkvæmt þjóðminjalögum.

4. gr.

Breiðafjarðarnefnd er umhverfisstjórnir til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga þessara. Í nefndinni eiga sæti sjö menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: Héraðsnefndir Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu og Snæfellinga tilnefna einn fulltrúa hver, Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af þjóðminjaráði. Umhverfisstjórnir skipar einn mann í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Nefndin skal í samráði við sveitarfélögin láta gera verndaráætlun þar sem fram kemur hvernig ná skuli þeim markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins. Áætlun þessi skal send ráðherra til staðfestingar.

Í starfi sínu skal nefndin gæta samráðs við sveitarstjórnir, náttúruverndarnefndir, Náttúruverndarráð, minjaverði og yfirvöld þjóðminjavörslu.

Nefndin skal árlega gefa ráðherra skýrslu um störf sín.

5. gr.

Umhverfissráðherra setur, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og umsögnum viðkomandi sveitarstjórna um þær, reglugerð þar sem kveðið skal á um verndaraðgerðir á grundvelli laganna, varnir gegn hvers konar mengun og aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu sem viðkvæmir eru vegna náttúrufars.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og að fenginni umsögn þjóðminjaráðs og húsafriðunarnefndar ríkisins eftir því sem við á, reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á svæðinu, þar á meðal byggðarheildar gamalla húsa í Flatey og vernd sjóminja.

6. gr.

Við gerð skipulagsáætlana á því svæði sem um getur í 2. gr. skulu sveitarfélög leita umsagnar Breiðafjarðarnefndar. Í skipulagsáætlunum ber að taka tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðarnefndar.

Þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem um getur í 2. gr. er hvers konar mannvirkjagerð óheimil, svo og jarðrask, nema að fengnu samþykki Breiðafjarðarnefndar.

Framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, eru leyfilegar nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminum eða lífríki að dómi Breiðafjarðarnefndar eða þjóðminjaráðs þegar um fornleifar er að ræða.

7. gr.

Með rannsóknnum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands, náttúrustofu Vestfjarða og náttúrustofu á Vesturlandi, sbr. lög nr. 60/1992, skal markvisst unnið að því að auka þekkingu á náttúru Breiðafjarðarsvæðisins til að tryggja sem best verndun þess. Breiðafjarðarnefnd skal í samráði við þessa aðila láta gera áætlun um æskilegar rannsóknir á svæðinu og endurskoða hana reglulega.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað framangreindum stofnunum að standa sameiginlega að starfrækslu náttúruvannsóknastöðvar á svæðinu á grundvelli laga nr. 60/1992. Rannsóknastöðin getur leitað eftir fjárstuðningi innlendra og erlendra aðila við starfsemi sína og einstök verkefni.

8. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum og varðhaldi. Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð, allt að 50 þúsund krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmætt.

Um rannsókn og meðferð mála vegna meintra brota á lögum þessum fer að hætti laga um meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Össur Skarphéðinsson.

Nr. 55

8. mars 1995

LÖG

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Óheimilt er þó að auglýsa lausasölulyf í sjónvarpi.

2. gr.

43. gr. laganna verður svohljóðandi:

Um mál sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Lyf og lyfjaefni, sem eru framleidd, flutt inn eða seld ólöglega hér á landi skulu gerð upptæk með dómi og enn fremur ágóði af ólöglegri lyfjasölu. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

3. gr.

Við 44. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um takmörkun og eftirlit með framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna efna sem nota má við ólöglega framleiðslu á ávana- og fíkniefnum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.